

Skógarvörðurinn á Vesturlandi:

Á R S S K Ý R S L A

1 9 9 4

ÁRSSKÝRSLA 1994

1. VEDURFAR.

Veturinn var fremur rysjóttur á Vesturlandi og Vestfjörðum. Allir vetrarmánuðirnir nema febrúar voru talsvert kaldari en í meðalári og vetrarúrkoma talsvert undir meðallagi. Vorið var þurr og kalt framan af og gróður seinn til. Júní var mjög kaldur. Júlí var var hlýr og ágúst í meðallagi. September var 1-2 stigum undir meðallagi. Þótt sumarið megi teljast fremur svalt, var það hagstætt vegna þess hve hægviðrasamt það var. Hausttið var hagstæð.

Meðalhiti sumars á árunum 1991 - 1994 á nokkrum stöðum í Vesturlandsumdæmi

	1991	1992	1993	1994
Hvanneyri	9.8	8.5	8.9	8.8
Stafholtsey	-	8.2	8.9	8.9
Stykkishólmur	9.5	8.2	8.3	8.9
Hamraendar	9.4	7.7	8.2	8.5
Hólar, Dýrafirði	9.0	7.7	8.4	8.1
Þórustaðir	-	7.8	8.3	8.2
Hlaðhamar	7.9	7.3	7.0	7.8

Eins og sjá má hafa þrjú sl. sumur verið í kaldara lagi.

2. VÖXTUR.

Skógur laufgaðist seint og varla hægt að segja að skógurinn við Hreðavatn væri fulllaufgaður fyrr en um 20 júní en fallinn var hann 6. okt. Vöxtur og þrif voru í góðu meðallagi. Sitkalúsin hefur bætt við landvinninga sína í Vesturlandsumdæmi og lagt undir sig Barðastrandarsýslu. Fannst þar á allmögum stöðum.

3. STARSFÓLK.

Útgerðin hófst 30. maí og lauk 2. september. Vegna naumrar fjárveitingar var aðeins hægt að taka 4 stráka í vinnu. Ráðskonu gátum við ekki haldið af sömu ástæðu. Urðu menn því að skiptast á að elda matinn. Þetta var mjög óvinsælt fyrirkomulag, og verður varla lagt út í það aftur.

4. GIRÐINGAR.

Farið var með flestum girðingum að vanda. Engar nýjar girðingar voru settar upp. Vonast er til að hægt verði að taka aftur til við girðingar í Dölum á næsta ári, því að eins og segir hér síðar, er andvirði dánargjafar Hákonar Helgasonar loksns komið heim í Dalasýslu.

5. SKÓGARHÖGG.

Skógarhögg var lítið sem ekkert vegna þess að því sem næst allt framkvæmdafé var fengið af Skeljungsfé, og fór það til stígagerðar.

Af jólatrjám var höggið sem hér segir í Jafnaskarðsskógi og Norðtunguskógi:

Stærðarflokkur	Rauðgreni	Stafafura
0.70-1.00	9	4
1.01-1.25	47	33
1.26-1.50	58	35
1.51-1.75	26	32
1.76-2.00	19	18
2.01-2.50	12	8
2.51-3.00	11	1
Samtals	182	131

Andvirði seldra jólatrjáa nam kr. 530.185. Seldir voru 64 pokar af arinnviði fyrir 31.125. Allt með virðisaukaskatti.

6. GRÓÐURSETNING.

Samtals voru gróðursettar 6350 plöntur og græðlingar.

Í Litla-Skarði:

Birki, Mógilsá	(920013)	1/0 Fp 40 M	520	520
----------------	----------	-------------	-----	-----

Á Hvítsstöðum:

Sitkagreni, Tumastöðum	(9100)	1/0 Fp 40 T	1.000	
Blágreni, Rio Grande NF	(92000)	1/0 Fp 40 T	150	1.150

Á Ketilssstöðum:

Kjarrelri, Múlakoti		1/0 Fp 40 T	700	
Selja		Fp 40 T	250	
Fjallafura, S.-Tyrol	(880020)	2/0 Fp 40 T	200	
Birki, Tumastaðir		1/0 Fp 40 T	600	
Græðlingar af ýmsum víðitegundum			3.000	4.750

Í Laxaborgargirðingu sunnan ár:

Birki, Tumastaðir		1/0 Fp 40	250	
Fjallafura, S.-Tyrol	(880020)	2/0 Fp 40	50	300

Við gömluskemmu í Laxaborg:

Birki, Tumastaðir		1/0 Fp 40	150	150
-------------------	--	-----------	-----	-----

7. HIRDING.

Borið var að venju á skjólbeltin á Hreðavatni. Að öðru leyti var hirðing í lágmarki.

8. BYGGINGAR.

Skógarkot var málað að utan, þak, veggir og gluggakarmar. Hitaveita er komin í Skógarkot, en engir ofnar. Hitaveita á Hreðavatni reynist vel, en það þyrfti að koma henni í skemmuna. Gólf í forstofu og salerni var lagfært í Laxaborg.

9. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Engin ný verkfæri voru keypt. Frá Hallormsstað kom hingað Einar Axelsson með kurlara og kurlaði hann það sem fyrir lá af grisjunarviði, sem fór og mun fara til stígagerðar.

10. STÍGAGERD.

Allmikið var unnið að stígagerð í Jafnaskarðsskógi fyrir svonefnt Skeljungsfé. Má reyndar segja að sú fjárveiting hafi bjargað andliti okkar út á við, því að ella hefðum við orðið að draga saman seglin enn meir. Það er afar bagaleg staðreynd, að möl er hvergi að finna í landi Hreðavatns og sama er reyndar að segja um Litla-Skarð. Hana verðum við að kaupa frá Dalsmynni, sem er einum 6 km. ofar í dalnum.

11. ÝMISLEGT.

Það gerðist einna merkilegast á árinu, að Minningarsjóður Hákonar Helgasonar frá Ketilsstöðum í Hörðudal var loksins fluttur heim í hérað og er nú varðveisittur á góðum vaxtakjörum í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Búðardal. Þá voru liðin 22 ár frá andláti Hákonar og hefur þessi töf eða bið verið stofnuninni til vansa. Er gott að þetta mál skuli vera til lykta leitt.

Fyrir utan skemmri ferðir voru þessar helstar. Fundur févörlumanna á Egilsstöðum 24. mars og 2.-4. nóv. För á norrænt skógarþing í Noregi 14. til 16. júní. Ferðir til Ísafjarðar 21. júní og 15.-16. ágúst í sambandi við snjóskriðuskemmdir á trjágróðri í Tungudal. Ferðalag um Vestfirði ásamt Snorra Baldurssyni og Arnlínu Óladóttur 20.-23. september.

Okkur til óblandinnar ánægju heimsóttu okkur Jón Loftsson, Þróstur Eysteinsson og Steinþór Pétursson og ferðuðust um Mýra- og Dalasýslu dagana 6.-8. júlí.

Rotarykonur úr Reykjavík komu hingað 8. júní og settu niður 520 birkiplöntur í Litla-Skarði þar sem brann um árið.